



**Umhverfis-og auðlindaráðuneytið**  
**Skuggasund 1**  
**Reykjavík**  
**uar@uar.is**

8. júlí 2021

### **Umsögn við [Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum](#)**

Ungir umhverfissinnar fagna því að vinnu sé lokið við hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum. Hún er góð almennt og grunngildi og grunnmarkmið eru víðtæk og skýr. Það eru einungis nokkur atriði sem við viljum gera athugasemdir við, svo sem að auka áherslu á þann hluta hvítbókarinnar sem snýr að náttúrunni..

#### **Aukin áhersla á náttúruna**

Hvítbókin tekur tillit til fjölmargra samfélagslegra þátta sem þarf að hafa í huga við gerð aðgerðaráætlunar í aðlögun að loftslagsbreytingum á Íslandi. Hins vegar vantar að meira tillit sé tekið til áhrifa loftslagsbreytinga á náttúruna og hvernig þau samtinnast við aðlögun. Til dæmis þarf að auka viðnámsprótt og aðlögunarhæfni vistkerfa sem eru viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum.

Aðlögunaraðgerðir eru margvíslegar og geta haft í för með sér ýmsar aðrar afleiðingar sem mikilvægt er að meta. Við teljum að á bls. 18 vanti grunngildi sem fjallar um mikilvægi þess að aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á aðra umhverfispætti. Aðlögunaraðgerðir mega ekki bitna á líffræðilegri fjölbreytni né raska vistkerfum eða náttúruminum. Þær ættu frekar að stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og vernd vistkerfa. Einnig þarf að flétta þetta grunngildi inn í markmiðin innan

hvers kafla. Í tengslum við þetta viljum við benda á Landgræðsluáætlun þar sem okkur finnst viðeigandi að samræmi sé milli markmiða ráðuneytisins og markmiða Landgræðslunnar.

### **Flóttafólk**

Ungir umhverfissinnar vilja leggja til að markmið verði sett um að tekið verði á móti auknum fjölda flóttafólks á Íslandi. Við teljum þetta nauðsynlegan hluta af aðlögun að loftslagsbreytingum í hnattrænu samhengi. Flóttafólki kemur til með að fjölga margfalt á næstu árum og áratugum vegna loftslagsbreytinga ([heimild](#); [heimild](#)) og ber ríkari þjóðum, sem hafa losað mest og verða fyrir minnstum áhrifum loftslagsbreytinga, skylda til að veita fleira flóttafólki skjól. Við erum höfum og erum að valda því að fólk þarf að flýja heimalönd sín þannig að það er aðeins eðlilegt að við tökum á móti þeim með umhyggju.

### **Að lokum**

Ungir umhverfissinnar styðja þessa hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum og vona að tekið verði tillit til athugasemda okkar við útfærslu á stefnu, og að lokum aðgerðaráætlunar.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

*Finnur Ricart Andrason*

---

Finnur Ricart Andrason, Loftslagsfulltrúi